

Frá því núgildandi lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu tóku gildi fyrir tæpum 30m árum hafa orðið verulegar breytingar á samfélaginu og viðhorfum til líkbrennslu og greftrunar. Nú lýkur ríflega helmingi útfara á Höfuðborgarsvæðinu með bálför en þrátt fyrir verulega aukningu á bálförum hefur ekki orðið veruleg fjölgun á umsóknum um dreifingu á ösku utan kirkjugarða. Nú eru aðeins veitt um 60 leyfi að meðaltali á hverju ári til öskudreifingar og um það bil helmingur þeirra kemur frá erlendum ríkisborgurum sem koma hingað til lands sem ferðamenn og dreifa ösku hér á landi sem flutt hefur verið til landsins eingöngu í þeim tilgangi. Því eru aðeins um 30-40 umsóknir um öskudreifingu á hverju ári frá Íslendingum eða einstaklingum búsettum hér á landi. Það er næsta lágt hlutfall af heildarfjölda bálfara. Svo kann að vera að ein ástæða þess Íslendingar óski ekki eftir að fá að dreifa ösku í ríkari mæli sé sú að reglurnar hér á landi eru flóknar og þess að sækja þarf um leyfi til þess. Ætla verður þó að aðalástæðan sé sú að það er ekki hefð hér á landi fyrir þessari meðferð á ösku, enda eru reglur ekki svo þröngar að þær girði í stórum stíl fyrir möguleika fólks til að dreifa ösku eftir settum reglum.

Í núgildandi lögum segir að það sé heimilt að dreifa ösku yfir öræfi eða sjó. Í reglugerð þeirri sem sett var til fyllingar lögnum og er nr. 203/2003 með síðari breytingum segir að aðeins sé heimilt að dreifa ösku manns yfir haf og óbyggðir. Þarna gætir ósamræmis þar sem ekki liggur fyrir að átt sé við það sama með orðalaginu óbyggðir og öræfi.

Það er án nokkurs vafa eðlilegt og rétt að rýmka reglur um dreifingu ösku frá því sem nú er. Í fyrsta lagi eru reglurnar óskýrar og jafnan lagt undir óljósar matsreglur hvernig túlka beri núverandi reglur og í öðru lagi verður að líta svo á að koma þurfi til móts við ákall tímans og breytt viðhorfa. Það verður þó að líta svo á að ekki sé ástæða til að dreifing ösku megi fara fram án þess að einhverskonar leyfi verði veitt til þess, enda er ekki reynsla af því að öskudreifing sé frjáls.

Nokkur atriði þarf að hafa í huga. Á meðan ekki er þarf að fá leyfi yfirvalda fyrir tiltekinni meðferð á ösku er hættu á að lög og reglur verði síður virt og þeir sem dreifa ösku geri það að eigin geðþótta. Hafa verður í huga að um það bil helmingur umsókna kemur frá ferðamönnum sem hafa litla þekkingu á landinu og landsháttum og nokkur hættu á að dreifing á ösku verði algeng á vinsælum ferðamannastöðum. Á slíkum stöðum er oft mikill fjöldi fólks samankominn hverju sinni og ósennilegt að öllum hugnist að öskudreifing fari fram fyrir vindi og veðrum þar sem fólk hefur safnast saman. Annað atriði sem hafa verður í huga er að frumvarpið heimilar til dæmis dreifingu á ösku á einkalandi annarra þar sem oft á tíðum vilja hinir látna að ösku þeirra sé dreift á landi þar sem þeir hafa átt sínar heimaslóðir fyrir margt löngu en er nú í eigu annarra. Í þriðja lagi ber að geta þess að reynslan hefur sýnt annarsvegar að ekki er alltaf sátt um meðferð ösku á meðal aðstandenda hins látna og það að skýr vilji hins látna liggur í raun sjaldnast fyrir.

Ein þeirra ábendinga sem fram kemur í frumvarpi að lögnum er að ákjósanlegt sé að boðinn verði sá möguleiki að ösku sé dreift í skóglendi eða hún jarðsett og þannig búið um hnútana að af hennii vaxi gróður með því að fræjum sé komið fyrir í duftkerinu. Þetta verður að telja mjög jákvætt og ætla að slíkir reitir geti orðið aðdráttarafi í framtíðinni.

Virðingarfyllt
Halldór Þormar Halldórsson
Umsjónarmaður með leyfum til dreifingar á ösku